

Jóladagskrá menningarstofnana 2024

Birt með fyrirvara um breytingar

Aðventusvell (2. nóvember – 31. desember)

Aðventusvellið er opið allar helgar í nóvember og föstudag til sunnudags í desember og eftir samkomulagi. Upplýsingar um svellið er að finna á adventusvellid.is

Bókakonfekt barnanna í Bókasafni Reykjanesbæjar (23. nóvember kl. 11:30)

Fram koma Embla Bachmann og Yrsa Pöll Gylfadóttir. Embla Bachmann les upp úr barna- og unglingsbókinni *Kærokeppnin* og Yrsa Pöll Gylfadóttir les nýjustu upp úr nýjustu bókinni í seríunni *Bekkurinn minn, Hendi!* Barnakór Keflavíkurkirkju; Regnbogaraddir flytur nokkur lög. Viðburðurinn er styrktur af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Jólafondur fjölskyldunnar í Bókasafni Reykjanesbæjar (23. nóvember kl. 13.00)

Við ætlum að eiga notalega stund saman og lita á tré jólasbraut, viðburðurinn er ókeypis og allt efni á staðnum.

Bókakonfekt Bókasafns Reykjanesbæjar (28. nóvember kl. 20:00)

Á Bókakonfekt Bókasafnsins í ár koma rithöfundarnir Bragi Páll Sigurðarson, Margrét S. Höskuldsdóttir og Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Einnig verður boðið upp á tónlistaratriði með Kósýbandinu. Viðburðurinn er styrktur af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Þitt nafn bjargar lífi | Aðgerðakort Amnesty International í Bókasafninu (25. nóvember - 10. desember)

Bréfamararþon gengur út á það að senda stjórnvöldum, sem brjóta mannréttindi, bréf og þrýsta um leið á umbætur. Einnig eru þolendum mannréttindabrota sendar stuðningskveðjur og þannig minnt á að þeim hefur ekki verið gleymt. Tilbúin bréf til stjórnvalda verða til staðar í Bókasafni Reykjanesbæjar. Hvetjum öll til að kíkja við og kynna sér málið.

Umhverfsvæn innpökkunarstöð í Bókasafni Reykjanesbæjar í desember

Öllum er velkomið að nýta innpökkunarstöðina til til að pakka inn gjöfum fyrir jólin. Við hvetjum ykkur til að huga að umhverfsvænum aðferðum við innpökkunina með því að endurnýta gömul dagblöð, fjölpóst og bækur sem gjafapappír. Allt efni á staðnum.

Heimskonur/Women of the World í Bókasafni Reykjanesbæjar (7. desember kl. 12.00)

Síðasti hittingur Heimskvenna fyrir jól. Við ætlum að eiga notalega stund saman og gæða okkur á piparkökum og kakói með skemmtilegu spjalli að vanda.

Women of the world's last meet before Christmas. We meet up at Tjarnargata and drink hot chocolate over lively discussions.

Aðventuganga og tendrun ljósanna á jólatré Aðventugarðsins (1. desember)

Aðventuganga verður haldin sunnudaginn 1. desember. Mæting er við jólatréð í Aðventugarðinum kl. 16 þar sem Fjóla tröllastelpa og jólasveinn leiða gönguna! Genginn verður hringur frá Tjarnargötu upp Vallargötu, niður Brunnstíg að Kirkjuvegi en þar stoppum við og sjáum skemmtilega LEDhúllasýningu frá Húlladúllunni. Hópurinn gengur svo niður Kirkjuveginn í Aðventugarðinn þar

sem Fjóla og jólasveinninn taka lagið auk þess sem boðið verður upp á heitt kakó og piparkökur og kveikt verður á ljósunum á jólatré Aðventugarðsins.

Aðventugarðurinn opinn um helgar í desember

Helgina 7. - 8. desember opnar Aðventugarðurinn með lifandi dagskrá, jólasveinum á ferli og sölu á ýmsum varningi í jólakofunum. Alla dagskrá og nákvæmari tímasetningar verður að finna á vefnum visitreykjanesbaer.is. Aðventugarðurinn verður opinn um helgar frá kl. 14-17 og á Þorláksmessu frá kl. 18-21.

Jólahús og jólafyrirtæki

Í undirbúningi er val á jólahúsi og jólafyrirtæki Reykjanesbæjar í samstarfi við Húsasmiðjuna. Í bænum finnast ótal mörg jólabörn sem leggja mikið upp úr fallegum jólaskreytingum sem eru okkur öllum til ánægju og yndisauka í svartasta skammdeginu. Íbúar eru því hvattir til að hafa augun hjá sér og taka eftir fallega skreyttum húsum og fyrirtækjum eða verslunargluggum sem síðan verður hægt að tilnefna í skemmtilegum jólaleik. Verkefnið verður kynnt nánar fljótlega.

Jólastofa í Duus safnahúsum

Í desember verður að finna í Bíósal skemmtileg söguspjöld sem segja frá árlegri jólatrés-skemmtun sem frú Ása Olavsén kaupmannsfrú Duus verslunar hélt í Bryggjuhúsinu fyrir börn og aðra íbúa þorpsins í Keflavík um 20 ára skeið frá árinu 1900 og þóttu sannkallaðir stórviðburðir þess tíma. Þar verður einnig hægt að setjast niður í ró og næði og fönndra einfalt jólaskraut og skrifa óskalista til jólasveinanna sem Skessan kemur til skila til frænda sinna.

Bubbi Morthens - Þorláksmessutónleikar (8. desember)

Þorláksmessutónleikaröð Bubba Morthens er ein allra langlífasta tónleikahefð í aðdraganda jóla og eru ófáir sem geta ekki hugsað sér aðventuna án þeirra. Tónleikarnir eru merkilegir fyrir þær sakir að þetta verður í 40. sinn sem Bubbi stendur fyrir Þorláksmessutónleikum.

Ari Eldjárn - Áramótaskop (13. desember)

Ari Eldjárn mætir með sína vinsælu uppistandssýningu „Áramótaskop“ þar sem hann tekur léttan og skemmtilegan þátt í að kveðja árið. Ari er einn allra vinsælasti uppistandari þjóðarinnar bæði hér heima fyrir og utan landsteinanna. Árið 2020 varð hann fyrsti íslenski skemmtikrafturinn til að fá gamansýningu tekna til sýninga hjá bandarísku streymisveitunni Netflix þegar þætti hans Pardon my Iceland var dreift á heimsvísu til fleiri milljóna áhorfenda. Tvær sýningar sama kvöldið kl. 18 og 21.

Litlu jólin með Tvíhöfða! (14. desember)

Í fyrsta sinn í Reykjanesbæ! Tvíhöfði hefur haldið litil jóla undanfarin ár, en þá aðallega í sollinum (höfuðborgarsvæðinu). Nú er kominn tími til að veita Keflvíkum og Njarðvíkingum (og nærsveitamönnum) örlitla ljóstýru í skammdeginu og munu þeir félagar stíga á stökk þann 14. desember í Hljómahöll!

Valdimar - Áramótatónleikar (30. desember)

Áramótatónleikar hljómsveitarinnar Valdimar eru orðnir fastur liður og þekktir fyrir kraftmikla stemningu. Þetta verður ógleymanleg kvöldstund þar sem áramótunum verður fagnað vel og innilega!

Þrettándagleði mánudaginn 6. janúar: Hátíðarsvæði við Hafnargötu 12

Jólin kvödd með þrumandi þrettándagleði. Blysför frá Myllubakkaskóla, gengið að hátíðarsvæði við Hafnargötu í fylgd álfa og púka þar sem Grýla gamla tekur á móti gestum. Brenna og flugeldasýning og heitt kakó og piparkökur til að halda hita á mannskapnum.